

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 56/2010

frá 30. apríl 2010

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2010 frá 12. mars 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/101/EB frá 16. september 2009 um samræmingu verndarráðstafana sem ætlað er að vera jafngildar og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 48. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og þriðju aðila (kerfisbundin útgáfa) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/102/EB frá 16. september 2009 á sviði félagaréttar um einkahlutafélög eins aðila (kerfisbundin útgáfa) ⁽³⁾.
- 4) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/101/EB fellur úr gildi fyrsta tilskipun ráðsins 68/151/EBE ⁽⁴⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 5) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/102/EB fellur úr gildi tólfta tilskipun ráðsins 89/667/EBE, um félagarétt ⁽⁵⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XXII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 1. liðar (fyrsta tilskipun ráðsins 68/151/EBE) hljóði svo:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 143, 10.6.2010, bls. 33, og EES-viðbætur nr. 30, 10.6.2010, bls. 41.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 258, 1.10.2009, bls. 11.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 258, 1.10.2009, bls. 20.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 65, 14.3.1968, bls. 8.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 40.

„**32009 L 0101**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/101/EB frá 16. september 2009 um samræmingu verndarráðstafana sem ætlað er að vera jafngildar og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 48. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og þriðju aðila (kerfisbundin útgáfa) (Stjtið. ESB L 258, 1.10.2009, bls. 11).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í 1. gr.:

„– Ísland:

hlutafélag, einkahlutafélag, samlagsfélag,

– Liechtenstein:

die Aktiengesellschaft, die Gesellschaft mit beschränkter Haftung, die Kommandit-aktiengesellschaft,

– Noregur:

aksjeselskap, allmennaksjeselskap.““

2. Texti 9. liðar (tólfta tilskipun ráðsins 89/667/EBE) hljóði svo:

„**32009 L 0102**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/102/EB frá 16. september 2009 á sviði félagaréttar um einkahlutafélög eins aðila (kerfisbundin útgáfa) (Stjtið. ESB L 258, 1.10.2009, bls. 20).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í I. viðauka:

„– Ísland:

einkahlutafélag,

– Liechtenstein:

die Gesellschaft mit beschränkter Haftung,

– Noregur:

aksjeselskap.““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2009/101/EB og 2009/102/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter
formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.